

Tillaga

Viðtakandi: Bæjarráð
Efni: Tillaga til bæjarráðs um útboð váttrygginga
Dags: 31. ágúst 2023
Málsnúmer: 202308824/-
Sendandi: Pétur Jens Lockton, fjármálastjóri

Tillaga:

Lagt er til að bæjarráð heimili að farið verði í útboð á váttryggingum sveitarfélagsins til þriggja ára, með heimild til framlengingar um eitt ár.

Greinargerð:

Mosfellsbær kaupir váttryggingar fyrir fasteignir, lausafé, starfsmenn, skólabörn o.fl. Síðasta útboð var framkvæmt á árinu 2018, til þriggja ára með heimild til árlegrar framlengingar. Bæjarráð samþykkti að taka tilboði Sjóvá í máli á 1364. fundi undir máli númer 201803402.

Iðgjald váttrygginga 2023 er 36 m.kr. og opinber gjöld 16 m.kr. svo heildarkostnaður nam 52 m.kr. Af þeirri fjárhæð eru 22 m.kr. vegna lögbundinna brunatrygginga.

Mosfellsbær 2023	Iðgjald	Opinber gjöld	Samtals
Brunatrygging húseigna	5,795,787	15,991,584	21,787,371
Húseigendatryggingar	3,486,330		3,486,330
Lausafjártryggingar	335,553	404,820	740,373
Ábyrgðartryggingar ökutækja	1,424,772		1,424,772
Kaskótryggingar	707,764		707,764
Ábyrgðartrygging atv.	9,717,020		9,717,020
Launþegatryggingar	13,014,833		13,014,833
Slysatryggingar	288,200		288,200
Hópslysatryggingar	181,600		181,600
Slysatryggingar skólabarna	1,111,500		1,111,500
Samtals	36,063,359	16,396,404	52,459,763

Í ljósi þess að samningur við Sjóvá er að renna út er lagt til að farið verði í útboð á váttryggingum með aðstoð Consello löggiltra váttryggingamiðlara. Consello hefur mikla reynslu af því að aðstoða sveitarfélög þ.m.t. Mosfellsbæ við útboð og verðkannanir á váttryggingum og er lagt til að leitað verði til þeirra varðandi aðstoð við útboðið í samræmi við meðfylgjandi kostnaðaráætlun sem er lægri en framreiknaður kostnaður við síðasta útboð. Lagt er til að váttryggingar Mosfellsbæjar verði boðnar út til þriggja ára með heimild til framlengingar um eitt ár.

Virðingarfyllt,
Pétur Jens Lockton

Fylgiskjal:

1. Verklýsing og kostnaðaráætlun Consello um útboð váttrygginga fyrir Mosfellsbæ.